

Fundur foreldraráðs 3. nóvember 2025 kl 10:00

Mætt: Cristin Irma, Benedikt Þorri, Helga, Unnur Ösp

1. mál

Farið yfir nýgerðar starfsreglur foreldraráðs og þær lagfærðar áður en þær verða birtar á vefsíðu leikskólans.

Umræður um hvenær best er að hafa fund foreldraráðs og niðurstaðan er að hafa sér fund foreldraráðs án stjórnenda í leikskólanum eftir að nýtt foreldraráð hefur verið sett að hausti.

Beiðni um að gert verði netfang fyrir foreldraráð sem áframsendir póst á fulltrúa foreldraráðs eða það sé undanþegið tvíþátta auðkenningu.

2. mál

Mygla í starfsmannahúsi að Iðavöllum 8

Á föstudaginn síðasta, á starfsdegi, var starfsfólk upplýst um að bráðabyrgðar-niðurstöður væru komnar úr mygluprófi sem tekið var í Áttunni. Eitt sýni var tekið og fékkst jákvæð svörun við myglu í undirbúningsaðstöðu. Ákveðið var að loka Áttunni þangað til frekari niðurstöður fást, lágmarka algjörlega umgang þar inni og ekki færa gögn á milli Áttunnar og leikskólans fyrr en nákvæmar leiðbeiningar fást. Starfsfólk er í og hefur farið í veikindaleyfi vegna ástandsins í húsinu og því mjög mikilvægt að almennilegar úrbætur verði unnar í húsinu áður en fólk kemur þar inn aftur.

Foreldraráð fer fram á að fá skýrslur í hendur um leið og þær koma og aðrar upplýsingar sem koma frá Norðurþingi um ástandið og áætlun um verk.

Möguleiki á bráðabyrgðarlausn er að sameina Róm og Vilpu og nota Róm sem kaffistofu/skrifstofu/undirbúningsherbergi þangað til ný börn koma inn í febrúar. Áður en af mögulegri sameiningu verður er nauðsynlegt að klára endurbætur á baðherbergi á Vilpu en þar lak út frá vaski inn á milli innréttingar og veggs sem olli rakaskemmdum.

Það þarf að tilkynna foreldrum um mygluna en spurning hvernig og hvenær best er að gera það.

3. mál

Foreldraráð pressar á stjórnendur að kaupa aðeins inn ilmefnalausar hreinlætis- og snyrtivörur sem stuðla að heilbrigðari inniloftgæðum í leikskólanum. Fjölbreytt fræðsluefni er að finna á vefsíðu SUM www.samtoksum.is